

Mynstursteypa og viðhaldsefni



HVAÐ ER MYNSTURSTEYPA?

Mynstursteypa er aðferð til að forma yfirborð steinsteypu. Hægt er að velja um margar mynsturgerðir og litasamsetningar sem gefa fallega áferð.

Mynstursteypa hefur verið notuð í fjölda ára á svæði sem mikið mæðir á svo sem í bílastæði, innkeyrslur, göngustíga og garða með góðum árangri.



Helstu kostir mynstursteypu

- Mynstursteypu má nota utandyra og innandyra
- Mikil fjölbreytni á mynstrum og litum
- Yfirborðið er slitþolið
- Gróður nær ekki festu
- Olía og feiti ná ekki festu
- Það er auðvelt að þrifa mynstursteypu
- Fallegt útlit og slitsterkur flötur gera þessa lausn ákjósanlega fyrir verslanir, bílageymslur, sólskála, svalir, atvinnuhúsnæði og heimili



LITIR OG MYNSTUR

Hægt er að ná fram áferð náttúrusteins í ýmsum litaafbrigðum eða halda sig við gráa steypulitinn eins og á venjulegum hellum. Auk eftirtalinna lita er hægt að sérpanta liti.



Í boði er mikið úrval af mynstri í mynstursteypu sem hægt er að blanda á skemmtilegan hátt. Einnig er hægt að útfæra persónulega lausn fyrir þig.

RANDOM STONE



ASHLAR



PORCELAIN STONE



PLANK



WALKWAY



WALKWAY

VIÐHALD fyrir mynstursteypu og hellur

PICSEAL er yfirborðsefni fyrir steypa fleti eins og mynstursteypu og hellur. Efnið lokar yfirborðinu og ver það fyrir vatni, salti og sól auk þess sem það hindrar að efni eins og olía og tyggigúmmí nái að festast við yfirborðið.

Í múrverslun Steypustöðvarinnar færðu úrval viðhaldsefna til þess að viðhalda útliti hellanna og lengja endingu þeirra. Meðal efna eru;

PICSEAL yfirborðsefni – vörnin sem verndar og viðheldur útlitinu

PICS mosaeyðir - hindrar gróðurmyndun og verndar yfirborðið

PICSCLEAN olíuhreinsir- vinnur á blettunum og tyggigúmmíklessunum

Fúgusandur, sérgerður til að hindra gróðurmyndun

Niðurfallsrennur fyrir bílaplön

Verkfæri

